

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/82/EB

2002/EES/31/14

frá 20. desember 2000

**um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á annars vegar ávöxtum, matjurtum, kornvörum og matvælum úr dýraríkinu og hins vegar tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/57/EB <sup>(2)</sup>, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/81/EB <sup>(4)</sup>, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/81/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/81/EB, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar um er að ræða korn og afurðir úr jurtaríkinu, þar með talin aldin og grænmeti, skal magn efnaleifa svara til notkunar á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur, þannig að leifarnar verði eins litlar og komist verður af með og viðunandi frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, einkum með tilliti til umhverfisverndar og að því er varðar það magn sem áætlað er að berist í neytendur með fæðu. Þegar um er að ræða matvæli úr dýraríkinu skal magn efnaleifa endurspegla neyslu dýra á korni og afurðum úr jurtaríkinu, meðhöndluðum með varnarefnum, auk þess að tekið er tillit til beinna áhrifa af notkun dýrallyfja þegar það á við.
- 2) Stöðugt ber að endurskoða leyfilegt hámarksmagn leifa og breyta má magninu að teknu tilliti til nýrra upplýsinga og gagna. Ákvarða skal leyfilegt hámarksmagn leifa við neðri mörk greiningarákvörðunar ef leyfileg notkun plöntuvarnarefnis hefur ekki í för með sér greinanlegar varnarefnaleifar í eða á matvælunum eða ef engin notkun er leyfð eða ef notkun, sem aðildarríkin hafa leyft, hefur ekki verið studd nægjanlegum gögnum eða ef notkun í þriðju löndum, sem hefur í för með sér efnaleifar í eða á matvælum sem kunna að fara í dreifingu á markaði bandalagsins, hefur ekki verið studd nægjanlega traustum gögnum.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútíð. EB L 3, 6.1.2001, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2001 frá 23. nóvember 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 16.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 340, 9.12.1976, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 76.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB L 326, 22.12.2000, bls. 56.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

- 3) Samþykkt hefur verið með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar að eftirfarandi virk efni bætist ekki við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/80/EB <sup>(2)</sup>; asínfosetyl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/276/EB <sup>(3)</sup>), prófam (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/586/EB <sup>(4)</sup>), dínóterb (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/269/EB <sup>(5)</sup>), DNOC (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/164/EB <sup>(6)</sup>), pírasófos (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/233/EB <sup>(7)</sup>), mónólínúon (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/234/EB <sup>(8)</sup>), klósólínat (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/626/EB <sup>(9)</sup>) og teknasen (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/725/EB <sup>(10)</sup>). Í þessum ákvörðunum var kveðið á um að ekki væri lengur leyfilegt að nota plöntuvarnarefni í bandalaginu sem innihalda þessi virku efni. Því er nauðsynlegt að bæta öllum varnarefnaleifum, sem myndast við notkun þessara plöntuvarnarefna, við í viðaukana við tilskipanir 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE svo að hægt sé að fylgjast með og hafa eftirlit með notkun þeirra og til að vernda neytendur. Svo að unnt sé að verða við réttmætum væntingum, sem varða notkun fyrirbyggjandi birgða af plöntuvarnarefnum, er í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar um bann við upptöku efna kveðið á um aðlögunartímabil og þess vegna skal ákvörðun um leyfilegt hámarks magn varnarefnaleifa fyrir efni, sem ekki er heimilt að nota í bandalaginu, ekki taka gildi fyrir en að loknu aðlögunartímabilinu fyrir viðkomandi efni.
- 4) Ákveðið hefur verið leyfilegt hámarks magn leifa fyrir asínfosetyl fyrir sumar afurðir í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE, með áorðnum breytingum með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/528/EBE <sup>(11)</sup>, en aðildarríkjnum var heimilað að ákvarða hærra leyfilegt hámarks magn leifa. Til að fastsetja samræmt hámarks magn varnarefnaleifa fyrir asínfosetyl í og á aldinum og grænmeti í bandalaginu er nauðsynlegt í staðinn að bæta þessum gildum fyrir leyfilegt hámarks magn leifa við í tilskipun 90/642/EBE. Enn fremur skal breyta þessum gildum þegar leyfið hefur verið afturkallað í bandalaginu.
- 5) Leyfilegt hámarks magn leifa í bandalaginu og það magn, sem mælt er með í Codex Alimentarius, er ákvarðað og metið með svipuðum aðferðum. Ekki hefur verið ákvarðað neitt leyfilegt hámarks magn leifa í Codex fyrir asínfosetyl, dínóterb, DNOC, mónólínúon, prófam og klósólínat. Fjöldi gilda fyrir leyfilegt hámarks magn leifa í Codex, að því er varðar pírasófos og teknasen, er takmarkaður og tekið hefur verið tillit til þessa við ákvörðun á leyfilegu hámarks magni leifa í þessari tilskipun. Bandalagið sendi drögin að tilskipun framkvæmdastjórnarinnar til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og var tilskipunin fullgerð að teknu tilliti til athugasemda sem höfðu borist. Evrópubandalagið mun kanna möguleikann á því að ákvarða vikmörk fyrir leyfilegt hámarks magn leifa tiltekinna samsetninga varnarefna og plantna þegar um innflutning er að ræða ef viðunandi gögn eru lögð fram og á grundvelli viðunandi mats á magni sem berst í neytendur með fæðu <sup>(12)</sup>.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Fella skal brott færslurnar varðandi asínfosetyl í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 309, 9.12.2000, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB L 170, 20.7.1995, bls. 22.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 41.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB L 117, 21.4.1998, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB L 54, 2.3.1999, bls. 21.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB L 73, 22.3.2000, bls. 16.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. EB L 73, 22.3.2000, bls. 18.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. EB L 263, 13.10.2000, bls. 32.

<sup>(10)</sup> Stjútíð. EB L 292, 21.11.2000, bls. 30.

<sup>(11)</sup> Stjútíð. EB L 234, 9.8.1982, bls. 1.

<sup>(12)</sup> Leiðbeiningar um vikmörk við innflutning - skjal 7169/VI/99, 1. endurskoðun.

## 2. gr.

Bæta skal færslum um eftirfarandi varnarefnaleifar við í töflu í A-hluta í II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)
Asínfosetýl	0,05 (*)
Klósólínat	0,05 (*)
Dínóterb	0,05 (*)
DNOG	0,05 (*)
Mónólínúron	0,05 (*)
Prófam	0,05 (*)
Pýrasófos	0,05 (*)
Teknasen	0,05 (*)

(\*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

## 1. Bæta skal færslum um eftirfarandi varnarefnaleifar við í töfluna í A-hluta:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)		
	Af fitu sem er í kjöti, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602 (1) (2)	Fyrir mjólk og nýmjólk úr kúm sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númeri 0401; fyrir önnur matvæli undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00, 0406 í samræmi við (2) (3)	Af skurmlausum nýjum eggjum, fyrir fuglsegg og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408 (3) (4)
Asínfosetýl	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Pýrasófos	0,02 (*)	0,02 (*)	0,1 (*)
Teknasen	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)

(\*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

## 2. Bæta skal færslum um eftirfarandi varnarefnaleifar við í töfluna í B-hluta:

Varnarefnaleif	Hámarks magn (mg/kg)		
	Af kjöti, þar með talinni fitu, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	Fyrir mjólk og mjólkurvörur sem skráð er í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406	Af skurmlausum nýjum eggjum, fyrir fuglsegg og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408
Dínóterb	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
DNOG	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Prófam	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
Mónólínúron	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)

(\*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.

*4. gr.*

Bæta skal færslum fyrir varnarefnaleifar, eins þær eru settar fram í viðaukanum við þessa tilskipun, við í töfluna í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

*5. gr.*

1. Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir birtingu hennar.
2. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lagaákvæði og aðrar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
3. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. júlí 2001 að því er varðar asínfosetýl, prófam og dínóterb.
4. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. júlí 2002 að því er varðar DNOC, pýrasófos og mónólínúron.
5. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. janúar 2003 að því er varðar klósólínat og teknasen.
6. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*6. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

—











Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleif og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)							
	Asínfosetyl	Klósólínat	Dínóterb	DNOC	Mónólínúron	Prófam	Pýrasófos	Teknasen
5. <b>Kartöflur</b> Sumarkartöflur Kartöflur af haustuppskeru	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
6. <b>Te</b> (þurrkuð lauf og stíkar, einnig gerjuð, <i>Camellia sinensis</i> )	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)
7. <b>Humlar</b> (þurrkaðir), þar með taldir humlaköggjar og óþykkjað duft	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)

(\*) Sýnir neðri mörk greiningarákvörðunar.